

sízt, að hann var síðan lokaður inni í herbergi með hópi geð-sjúklinga, svo og annað það haft í huga, er máli skiptir, þá þykja bætur stefnanda til handa hæfilega ákveðnar kr. 10.000,00. Ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá þeim degi, svo sem krafist er, svo og málskostnað, er þykir hæfi-lega ákveðinn kr. 1.700,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Robert P. Walsh, kr. 10.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og kr. 1.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. janúar 1959.

Nr. 159/1956. **Agnar Gústafsson**

(Sigurður Reynir Pétursson hrl.)

gegn

Axel Sigurðssyni og

Guðrúnu S. Guðmundsdóttur

(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Synjað um fjárnám í fasteign konu fyrir skuld eiginmanns hennar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1956 og krafist þess, að úrskurður fégeta verði úr gildi felldur, að fjárnám verði framkvæmt í húseigninni nr. 21 við Melgerði í Reykjavík og að stefndu

verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur hvorki fært sönnur á, að húseignin nr. 21 við Melgerði sé hjúskapareign stefnda Axels Sigurðssonar né sameign hans og konu hans, stefndu Guðrúnar S. Guðmundsdóttur. Verður því eigi gert fjárnám í húseigninni fyrir dómskuld á hendur stefnda Axel. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.000,00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Agnar Gústafsson, greiði stefndu, Axel Sigurðssyni og Guðrúnu S. Guðmundsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. október 1956.

Gerðarbeiðandi, Agnar Gústafsson, hdl. hér í bæ, hefur krafizt þess, að fjárnám verði gert í eignum gerðarþola, Axels Sigurðssonar, Melgerði 21, fyrir skuld, að upphæð kr. 31.397,10, ásamt 5% ársvöxtum frá 13. desember 1951 til greiðsludags, kr. 1.637,20 í orlofsfé, kr. 1.950,00 í málskostnað, kr. 23,20 fyrir endurrit og birtingu auk annars kostnaðar við fjárnám og uppboð, ef til kemur. Þá krefst hann og málflutningslauna fyrir flutning máls þessa hér fyrir réttinum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fjárnámssgerðar. Hann hefur krafizt málflutningslauna úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 19. þ. m.

Í máli þessu liggur fyrir dómur bæjarþings Reykjavíkur í

málinu nr. 597/1947: Þorkell Einarsson gegn Axel Sigurðssyni, og er dómurinn upp kveðinn 15. nóvember 1947. Var Axel Sigurðssyni, þá til heimilis á Baldursgötu 36, gert að greiða Þorkatli Einarssyni, Krosseyrarbletti 14, kr. 31.397,10 ásamt 5% ársvöxtum frá 22. nóvember 1947 til greiðsludags, kr. 1.637,20 í orlofsfé og kr. 1.950,00 í málskostnað. Staðfest var og löghaldsgerð, sem fram hafði farið í húseigninni nr. 17 við Blönduhlíð. Gerðarþoli hefur skýrt svo frá, að hér sé um vinnulaunakröfu að ræða, sem hafi orðið til á árunum 1946—7, að hann minnir. Dóm þennan framselur Þorkell hinn 24. nóvember 1947 Axel Sigurgeirssyni, en hann framselur aftur gerðarbeiðanda, Agnari Gústafssyni hdl., hinn 6. desember 1955. Dómur þessi var birtur hinn 2. desember 1947. Sjá rskj. 2.

Hér ber þess að geta, að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 13. des. 1947, var bú Axels Sigurðssonar tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota, en skiptum í búinu var lokið hinn 11. maí 1948. Nýnefndri dómkröfu var ekki lýst í þrotabúið.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 9. des. 1955 og krefst löghalds hjá gerðarþola, Axel Sigurðssyni, fyrir framan- greindum dómsupphæðum ásamt kostnaði. Var málið tekið fyrir á heimili gerðarþola hinn 13. sama mán. Mætti þá Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir, kona gerðarþola, í réttinum. Kvaðst hún ekki greiða skuldina og ekkert geta bent á til löghalds. Gerðarbeiðandi krafðist þá löghalds í húseigninni nr. 21 við Melgerði og tók fram um leið, að þótt eign þessi væri að vísu á nafni konu gerðarþola, þá væri hennar ekki sérstaklega getið í kaupmála þeirra hjónanna, og mætti því leita fullnustu í henni. Var svo gert löghald í eigninni. Sjá rskj. nr. 2.

Hinn 11. janúar 1956 birta stefnuvottar greiðsluáskorun skv. 9. gr. laga nr. 19/1887 fyrir gerðarþola, þar sem skorað er á hann að greiða dómskuldina innan þriggja vikna að viðlögðu fjárnámi. Sjá rskj. 3.

Fjárnámsgerð þessi var tekin fyrir hinn 8. febrúar 1956. Mætti þá af hálfu gerðarþola Guttormur Erlendsson hrl. og kvaðst ekki greiða skuldina né geta bent á neinar eignir til fjárnáms. Gerðarbeiðandi krafðist þá fjárnáms í fasteigninni nr. 21 við Melgerði, en því mótmælti umboðsmaður gerðarþola, þar eð eign þessi væri séreign konu gerðarþola, Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur.

Lagt hefur verið fram í máli þessu endurrit af kaupmála Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur og Axels Sigurðssonar, undirrituðum 20. október 1943, en tilkynntum og dagsettum hinn 4. nóv-

ember s. á. Er þar getið um eftirtalдар eignir, er vera skuli sér-
eign Guðrúnar Guðmundsdóttur: 1) allir innanstokksmunir, er
til voru í þeirra eign og síðar kynni að verða aflað, 2) bifreið,
3) allur arfur, er henni kynni að falla, gjafir, er henni yrðu gefnar,
og það, sem hún ynni sér inn persónulega.

Gerðarbeiðandi hefur ekki vefengt þá staðhæfingu gerðarþola,
að hann hafi ekki peninga handbæra til að greiða skuldina, og
ekki hefur hann heldur vefengt gildi kaupmálans, en hann heldur
því fram, að kaupmálans vegna megi gera fjárnám í húseigninni
nr. 21 við Melgerði. Þeirrar eignar sé ekki getið í kaupmála, og
raunar sé þar engrar fasteignar getið. Þess vegna beri svo á að
líta, að nefnd húseign sé eign félagsbús þeirra hjóna, og hljóti
því að mega gera fjárnám í henni til lúkningsar skuldum gerðar-
þola.

Gerðarþoli heldur því fram fyrst og fremst, að með því að
ofan nefndri dómkröfu var ekki lýst í þrotabú hans á sínum tíma,
hafi hún fallið niður fyrir fullt og allt. Ef þessari staðhæfingu
skyldi verða hrundið, beri á það að líta, að húseignin nr. 21 við
Melgerði hafi verið keypt fyrir peninga, sem kona hans hafi aflað
og börn þeirra hjóna hafi fengið henni í þessu skyni. Skv. kaupmál-
anum hafi peningar þessir orðið séreign hennar og þar með hús-
eignin, sem fyrir þá fékkst, enda hafi hún og undirritað kaup-
samning um eignina sem kaupandi hennar, sjá rskj. 21, gefið
út handhafaskuldabréf vegna kaupanna, sbr. rskj. 26, og hún
sé þinglesinn eigandi eignarinnar, sbr. veðbókarvottorð á rskj.
19. Gerðarþoli kveðst á engan hátt hafa lagt peninga til húsa-
kaupanna.

Samkvæmt áður áminnztum kaupsamningi, sem dagsettur er
hinn 25. febrúar 1952, er kaupverð hússins kr. 110.000,00. Skyldu
kr. 50.000,00 greiðast við undirskrift kaupsamnings, en kaup-
andi skyldi gefa út handhafaskuldabréf fyrir kr. 60.000,00 til
5 ára. Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir fékk kr. 60.000,00 að láni
há Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur vegna húsa kaupanna.
Nánar er tiltekið í málsútlitun gerðarþola, hve börn þeirra
hjóna, gerðarþola og Guðrúnar, hafi lagt mikið fram til húsa-
kaupanna. Guðmundur, sonur þeirra, kveðst hafa afhent móður
sinni kr. 1.000,00 á mánuði frá því í marz 1952 og þar til í des-
ember 1954 og síðan meira eftir þörfum. Hefur verið lagt fram
vottorð um tekjur Guðmundar fyrir árin 1953 og 1954, sjá rskj.
7, svo og skattframtöl hans fyrir sömu ár, sjá rskj. 12 og 13.
Sigurbjörg Axelsdóttir kveðst hafa lagt fram kr. 1.000,00 á

mánuði frá því í marz 1952 og þar til í desember 1954, og hefur skattframtal hennar fyrir 1954 verið lagt fram í málinu sem rskj. 18. Því er haldið fram, að enn eitt barn þeirra hjóna, Axel, hafi lagt um 11 þús. kr. fram til húsakaupanna, og liggur fyrir í málinu vottorð um tekjur hans sumarið 1955, sjá rskj. 9. Skv. vottorði á rskj. 8 hefur kona gerðarþola og unnið 11 þúsund kr. í happdrætti á sl. þrem árum. Hún kveðst og hafa gert nokkuð að því að taka börn í fóstur og hafa haft tekjur af því.

Kona gerðarþola, Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir, hefur mætt í málinu og skýrt svo frá, að þau hjón hafi flutt inn í húsið nr. 21 við Melgerði sem leigutakar þáverandi eiganda, Snorra Halldórssonar, haustið 1951. Á árinu 1952 hafi Snorri nú viljað selja fasteign þessa, og hafi hann boðið gerðarþola hana til kaups, en með því að gerðarþoli hafi ekki talið sig geta gert þau kaup, kveðst Guðrún hafa ráðizt í kaupin í samráði við börn sín, sem hafi lofað að leggja fram peninga til þess. Gerðarþola og konu hans ber saman um, að hann hafi enga peninga lagt fram til húsakaupanna.

Snorri Halldórsson, sá er að framan getur, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Kveður hann sig minna, að Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir hafi greitt sér húsaleigu, meðan þau hjón voru leigutakar í húsinu. Hann tekur fram, að hún hafi og keypt húseignina, en gerðarþoli hafi engan veginn komið nálægt þeim samningum.

Af hálfu gerðarbeiðanda er framburði Snorra Halldórssonar mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Dómkröfu þeirri, sem nú er krafizt fjárnáms fyrir, var ekki lýst í þrotabú gerðarþola, þá er skiptameðferð á búinu stóð yfir. Það atriði hafði þá þýðingu, að kröfunni varð ekki fullnægt af eignum þrotabúsins, en ekki verður talið, að krafan hafi fallið niður á hendur gerðarþola sjálfum fyrir þá sök. Þessi varnarástæða gerðarþola verður þannig ekki tekin til greina.

Um fjármál gerðarþola og konu hans fer eftir lögum nr. 20/1923, en samkvæmt þeim lögum er hvort hjóna um sig sjálfstæður aðili um fjármál sín, og ber annað hjóna ekki ábyrgð á skuldum hins, hvorki með hjúskapareign sinni né séreign, nema sérstök heimild til þess sé fyrir hendi. Kemur þá til álita, hvort húseignin nr. 21 við Melgerði verði talin séreign Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur, konu gerðarþola, eða eign félagsbús hennar og gerðarþola.

Fasteign þessi var ekki til, þá er kaupmáli þeirra hjóna var

gerður, og ekki er á það minnzt í kaupmálanum, hvernig fara skyldi um fasteignir, er þau hjón kynnu að eignast. Aftur á móti segir þar, að þeir fjármunir, sem kona gerðarþola kynni að eignast sem gjöf eða arf eða fyrir eigin starfsemi, skuli vera séreign hennar. Hefur gerðarbeiðandi nú haldið því fram, að með því að fasteigna sé ekki getið í kaupmálanum, verði að telja umrædda húseign, sem að vísu sé skráð á nafn konu gerðarþola, vera eign félagsbúsins, og megi því að henni ganga til lúkningar skulda gerðarþola sjálfs. En gerðarþoli hefur aftur á móti haldið því fram, að hann hafi á engan hátt komið nálægt þessum húsakaupum konu sinnar og hún hafi keypt eignina fyrir eigin fjármuni eða barna þeirra hjóna, sem sé fyrir eigin séreign, og hljóti húseignin því að vera séreign hennar.

Fyrir liggur í málinu, að Guðrún Sæunn Guðmundsdóttir hefur gert kaupsamning um umrædda fasteign. Hún hefur og gefið út skuldabréf í því sambandi, bæði til Snorra Halldórssonar og til annars aðilja, og hún er þinglesinn eigandi eignarinnar. Samkvæmt skilríkjum þeim, sem lögð hafa verið fram í málinu og ekki verður talin ástæða til að vefengja, verður ekki betur séð en hún hafi verið fjárhagslega fullfær um að eignast fasteignina og inna af hendi afborganir og vexti með eigin aflafé og því, sem börn hennar hafa látið henni í té. Með tilliti til 3. liðar kaupmálans ber að líta á fasteign þessa sem séreign Guðrúnar Sæunnar Guðmundsdóttur, og þykir því ekki fært að gera fjárnám í eigninni fyrir dómskuld þeirri, sem um ræðir í máli þessu, þar eð dómurinn kveður ekki á um skyldu hennar til að inna af hendi þar greindar upphæðir.

Rétt þykir, að málf lutningslaun verði látin falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin fjárnámssgerð skal ekki fara fram.

Málf lutningslaun falla niður.
